

*Innheimta virðisaukaskatts

Úrskurður nr.14/1999.

Í máli þessu er kært að innheimtur sé 24,5% virðisaukaskattur af bókum á erlendum málum við innflutning, en ekki 14% eins og gert er af bókum á íslensku. Tollstjóri hafnaði kröfu kæranda í málinu. Ríkistollanefnd staðfesti álit tollstjóra

Lög 55/1987 38. gr., 100-102. gr. Lög 50/1988 14. gr., 37. gr. Lög 29/1995 12. gr. Lög 91/1991 XXI kafli. Lög 2/1993 2. gr., 3. gr., 6. gr., 14. gr. Lög 21/1994.

Með bréfi, dags. 23. september 1999, sem barst nefndinni þann 24. s.m., kærir H úrskurð tollstjóra nr. 4/1999 frá 15. september 1999. Í hinum kærða úrskurði tollstjórans er staðfest að innheimta skuli 24,5% virðisaukaskatt af bókum á erlendu máli sem fluttar voru inn í þremur sendingum í tollpósti. Kærandi krefst þess að innheimtur verði 14% virðisaukaskattur eins og um væri að ræða bækur á íslensku.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að skv. 3. mgr. 36. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, annist tollstjórar álagningu og innheimtu tolla og annarra skatta og gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu samkvæmt tollalögum eða öðrum lögum. Í lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, 1. gr., komi fram að greiða skuli í ríkissjóð virðisaukaskatt af viðskiptum innan lands á öllum stigum, svo og af innflutningi vöru og þjónustu, eins og nánar er ákveðið í lögnum. Skal virðisaukaskattur af innflutningi innheimtur með aðflutningsgjöldum, sbr. 37. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. sömu laga skal virðisaukaskattur vera 24,5% og er það skatthlutfall talið eiga við um þann innflutning sem hér um ræðir. Álagning og innheimta embættisins á 24,5% virðisaukaskatti við innflutning fyrrgreindra bóka er í samræmi við ofangreind gildandi lög um það efni.

Varðandi það álitafni, hvort tiltekin ákvæði laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt séu andstæð ákvæðum EES-samningsins, telur tollstjóri eðlilegra að æðra stjórnvald sem hefur umsjón með framkvæmd þeirra laga taki afstöðu til þess, fremur en embætti hans.

Tollstjóri úrskurðar skv. 100.gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, að álagning og innheimta 24,5% virðisaukaskatts við innflutning umræddra bóka teljist rétt. Auk framangreinds rökstuðnings visar tollstjóri til ákvæða laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988 og tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum.

Kærandi gerir þá kröfu að úrskurður tollstjóra verði úr gildi felldur og úrskurðað verði að endurgreiða beri honum ofgreiddan virðisaukaskatt að upphæð kr. 1.601, með dráttarvöxtum frá 22. ágúst 1999, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda. Enn fremur er krafist málskostnaðar úr hendi íslenska ríkisins samkvæmt XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 8. mgr. 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum.

Í greinargerð með kærinni kemur fram að kærandi kaupir öðru hvoru frá útlöndum bækur á erlendu máli til einkanota, og fær þær sendar með pósti. Við afgreiðslu bókanna frá pósthúsi sé honum gert að greiða 24,5% virðisaukaskatt af tollverði þeirra. Framangreind skattheimta styðst við 1. mgr. 14. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988 með síðari breytingum ("vsk-laga"), en samkvæmt ákvæði þessu er hið almenna skatthlutfall virðisaukaskatts 24,5%. Samkvæmt 6. tölulið 2. mgr. 14. gr. vsk-laga ber "sala bóka á íslenski tungu, jafnt frumsaminnu sem þýddra" hins vegar aðeins 14% virðisaukaskatt.

Kærandi greiddi virðisaukaskatt vegna innflutnings bóka í þremur sendingum sem tollafgreiddar voru á Tollpóststofunni í Reykjavík samtals kr. 3.735,-. Bækurnar voru fluttar inn frá Bretlandi og Þýskalandi, en þau ríki eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu eins og Ísland. Ef lagður hefði verið 14% virðisaukaskattur á tollverð hinna þriggja bókasendinga, hefði skatturinn numið kr. 2.134,-. Mismunurinn í þessum þremur tilvikum er kr. 1.601,-. Það er þessi mismunur á álagningu 14% og 24,5% virðisaukaskatts sem kærður er og er krafist endurgreiðslu á honum ásamt dráttarvöxtum.

Kærandi telur að þrátt fyrir framangreint ákvæði 1. mgr. 14. gr. laga um virðisaukaskatt sé óheimilt við innflutning bóka til einkanota frá öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins "EES-ríkjum" að innheimta af þeim hærri virðisaukaskatt en af bókum á íslenski tungu. Það sé andstætt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem gerður var í Óportó hinn 2. maí 1992, "EES-samningsins", sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993 "EES-lögin". Meginmál EES-samningsins og ýmis önnur ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi, sbr. 2. gr. EES-laganna.

Kærandi vitnar m.a. til 14. gr. EES-samningsins sem hann segir að sé efnislega samhljóða 90. gr. stofnsáttmála Efnahagsbandalagsins.

Kærandi heldur því fram að umrædd skattlagning sé andstæð 1. mgr. 14. gr. EES, til vara, að hún brjóti gegn 2. mgr. 14. gr. EES og til þrautavara að hún brjóti gegn 10. gr. EES. Hann telur að það séu fyrst og fremst tvö atriði í sambandi við 1. mgr. 14. gr. EES sem komi til skoðunar, þegar ákvarða þurfi, hvort þær vörur, sem hér um ræðir (bækur frá öðrum EES-ríkjum en Íslandi), njóti verndar samkvæmt ákvæðinu. Það er í fyrsta lagi, hvort varan teljist "sams konar" og varan, sem hið lægra þrep virðisaukaskatts er látið gilda um (bækur á íslensku). Í öðru lagi, hvort um sé að ræða beina eða óbeina mismunun gagnvart erlendu vörunni. Kærandi telur að prentuð bók hljóti að teljast prentuð bók án tillits til þess á hvaða tungumáli hún er. Tungumál geti ekki verið aðgreiningaratriði að því er varðar vöruna prentaða bók. Í bækurnar er notað sama hráefni, og við

framleiðslu þeirra er beitt sömu framleiðsluaðferðum hvert sem tungumálið er. Til þess að vörur séu taldar sams konar þurfa þær ekki að vera nákvæmlega eins, heldur þurfa þær að hafa svipuð einkenni og uppfylla svipaðar þarfir notenda, þ.e. notkun þeirra þarf að vera svipuð og sambærileg. Kærandi vísar í dóma dómstóls Evrópubandalaganna ("EB-dómstólsins") frá 4. mars 1986 í málum 106/84 *Commission v Denmark* [1986] ECR 833, 12. grein, og 234/84 *John Walker & Sons Ltd. v Ministeriet for Skatter og Afgifter* [1986] ECR 875, 11. grein, ("*John Walker*"). Með vísun til framangreinds telur kærandi að þær bækur, sem um ræðir í máli þessu og skattlagðar eru með mismunandi hætti, teljist sams konar vörur í merkingu 1. mgr. 14. gr. EES.

Hvað varðar mismunun segir kærandi að almennt séu bækur á íslensku gefnar út á Íslandi, en yfirleitt ekki í öðrum EES-ríkjum. Þetta sé hin dæmigerða staða. Hún sé að vísu ekki algild, en annað heyrir til algjörra undantekninga. Þó að ekki felist í orðalagi ákvæðanna um virðisaukaskatt berum orðum vísun til mismunandi uppruna varanna leiðir í reynd af reglunum óbein (dulbúin) mismunun eftir þjóðerni (ríkisfangi) í skilningi EES-samningsins. Hann telur að þessi óbeina mismunun brjóti í bága við 1. mgr. 14. gr. EES, sbr. dóm EB-dómstólsins frá 9. maí 1985 í máli 112/84 *Humblot v Directeur des services fiscaux* [1985] ECR 1367, greinar 13-15. ("*Humblot*").

Þá segir að komist nefndin að þeirri niðurstöðu, að vörur þær, sem um ræðir í máli þessu, séu ekki "sams konar" og ekki sé um að ræða mismunun eftir þjóðerni og málið verði því ekki úrskurðað á grundvelli 1. mgr. 14. gr. EES, er hér til vara á því byggt, að 2. mgr. 14. gr. EES eigi við. Ef hin tilvitnuðu ákvæði virðisaukaskattslaga fela ekki í sér mismunun leiði þau að minnsta kosti til verndar fyrir innlendu vöruna og fela þannig í sér samkeppnishömlur gagnvart hinum innfluttu vörum. Virðisaukaskattslögin séu ekki hlutlaus gagnvart innflutningi bóka frá öðrum EES-ríkjum. Er þannig (einnig) brotið gegn 2. mgr. 14. gr. EES, sbr. dóm EB-dómstólsins frá 15. júlí 1982 í máli 216/81 *COGIS v Amministrazione delle Finanze dello Stato* [1982] ECR 2701, 9. grein, ("*COGIS*").

Til öryggis er til þrautavara byggt á því í máli þessu, að sú mismunandi skattlagning, sem kært er yfir, brjóti gegn 10. gr. EES. Ekki verður þó talin ástæða til þess að fjalla nánar um þessa málsástæðu, aðeins á hana bent. Kærandi telur að engar gildar ástæður réttlæti þá mismunandi skattlagningu, sem mál þetta snúist um.

Kærandi vekur athygli á að skýra skuli íslensk lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur, sem á honum byggja, sbr. 3. gr. EES-laganna. Með 3. gr. EES-laganna var leidd í íslensk lög sú skuldbinding, sem Ísland tók á sig með bókun 35 við EES-samninginn, en þar segir, að vegna tilvika, þar sem geti komið til árekstra á milli EES-reglna, sem komnar eru til framkvæmda og annarra settra laga, skuldbindi EFTA-ríkin sig til að setja, ef þörf krefur, lagaákvæði þess efnis, að EES-reglur gildi í þeim tilvikum. Er af þessu ljóst, að EES-reglum er ætlað að hafa forgang, þar sem EES-reglur og önnur landslög kunna að rekast á, sbr. dóm EFTA-dómstólsins í máli E-1/94, *Ravintoloitsijain Liiton Kustannus Oy Restamark* [1994-1995] EFTA Court Report 15, 77. grein, ("*Restamark*"). Við úrskurð í máli þessu beri að túlka 14. gr. EES í samræmi við *Commission v Denmark, John Walker, Humblot, COGIS* og aðra dóma EB-dómstólsins í sömu átt, sbr. 6. gr. EES og 1. mgr. 3. gr. samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls frá 2. maí 1992 með síðari breytingum.

Kærandi telur að mál þetta snúist um skýringu á reglum EES-réttar og gildi þeirra gagnvart öðrum íslenskum lögum. Til þess að tryggja samræmda lagaskýringu á öllu EES-svæðinu telur hann eðlilegt, að leitað sé ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins í Luxemburg um málið, sbr. 1. mgr. 34. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Hann telur að ríkistollanefnd sé samkvæmt dómaframkvæmd EB-dómstólsins og EFTA-dómstólsins heimilt að leita ráðgefandi álits. Nefndin sé dómstóll eða réttur ("court or tribunal") eða "stofnun með dómssvald" í skilningi 34. gr. samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Ríkistollanefnd sé varanleg stofnun, mælt er fyrir um starfsemi hennar í lögum, hún hafi vald til þess að leysa úr ágreiningsefnum, lögsagan sé lögbundin, málsmeðferð fyrir nefndinni fari í meginatriðum eftir málsmeðferð fyrir dómstólum, úrlausnir hennar séu bindandi og fullnustuhæfar, og loks sé hún óháð í störfum sínum, sbr. nú 38. gr., 101. gr. og 102. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum. Kærandi bendir á að ekki sé í lögum nr. 21/1994 um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið gert ráð fyrir því, að úrskurðaraðilar á stjórnsýslustigi leiti ráðgefandi álits. Í lögnum er aðeins gert ráð fyrir, að hefðbundnir héraðsdómstólar, Hæstiréttur og Félagsdómur leiti slíks álits. Það sé hins vegar ekkert ákvæði í lögnum, sem bannar slíka álitsumleitun. Kærandi tekur fram að hann geri ekki kröfu um að ríkistollanefnd leiti ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins í máli þessu, enda sé ákvörðun um það alfarið í valdi nefndarinnar sjálftrar. Hann vill hins vegar benda á kosti þess að nýta hið augljósa hagræði, sem af því er að leita álits þeirrar EFTA-stofnunar, er hefur það hlutverk ásamt EB-dómstólunum að tryggja samræmda réttarframkvæmd EES-reglna á öllu EES-svæðinu.

Ríkistollstjóra var sent erindið til umsagnar með bréfi, dags. 24. september 1999. Í svari sem barst nefndinni þann 15. október 1999 segir m.a. að það sé mat ríkistollstjóra að ríkistollanefnd eigi ekki úrskurðarvald um það hvort ákvæði laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988 kunni að fara í bága við tiltekin ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið. Nefndin sé ekki bær til þess að fjalla um málsástæður sem byggðar eru á því að löggjafinn hafi gengið á svig við önnur lög með lagasetningu og stjórnvöldum beri að fara eftir þeim lögum, settum af Alþingi, sem gilda á hlutaðeigandi sviði réttarins uns annað kann að vera ákveðið af dómstólum eða Alþingi sjálfu. Telji ríkistollanefnd sig bæra til þess að fjalla efnislega um málsástæður kæranda óskar ríkistollstjóri eftir að fá kærana á ný til umsagnar.

Kæranda var send kröfugerð ríkistollstjóra til umsagnar með bréfi þann 15. okt. 1999. Í svari hans sem barst nefndinni þann 2. nóvember 1999, framsent frá ríkistollstjóraembættinu, mótmælir kærandi framkominni skoðun ríkistollstjóra og telur að hún eigi sér ekki lagastoð.

Á fundi ríkistollanefndar þann 8. nóvember 1999 var ákveðið að áður en nefndin tæki efnislega afstöðu til aðalkröfu embættisins að gefa ríkistollstjóra tækifæri til að skila fullnaðarumsögn um kærana fyrir 20. nóvember 1999.

Í svari sem barst nefndinni þann 22. nóvember 1999 segir m.a. "Telji ríkistollanefnd sig bæra til þess að fjalla um þær málsástæður kæranda að ákvæði 14. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt brjóti í bága við samninginn um Evrópska blaðsíða 2/4

efnahagssvæðið vill ríkistollstjóri taka eftirfarandi fram: Það er mat ríkistollstjóra að bækur á íslenski og erlendra tungu teljist ekki sams konar í skilningi samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Áhugi manna á bókum á íslensku er algerlega óháður áhuga þeirra á bókum á erlendum tungumálum. Þannig geta bækur á erlendum málum ekki uppfyllt þarfir þess sem ekki les og skilur erlend tungumál og því er ólíklegt að bækur á erlendum tungumálum standi í beinni samkeppni við bækur á íslenski tungu. Það er því niðurstaða ríkistollstjóra að nefnt ákvæði laga um virðisaukaskatt brjóti ekki í bága við 1. mgr. 14. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Þá vill ríkistollstjóri taka það fram að allar bækur á íslenski tungu, óháð uppruna og innihaldi þeirra, bera lægri virðisaukaskatt heldur en bækur á erlendum tungumálum. Þýtt erlent skáldverk ber lægri virðisaukaskatt við innflutning til landsins en íslenskt skáldverk á erlendra tungu. Þeir sem framleiða bækur á íslenski tungu, hér á landi sem erlendis, þurfa að standa skil á 14% virðisaukaskatti til ríkissjóðs og því standa innlendir og erlendir framleiðendur jafnt að vígi í samkeppni um að ná til lesenda sem kjósa að lesa bækur á íslensku. Það sama gildir um bækur á erlendra tungu. Þó þannig kunni að háttá til að bækur á íslenski tungu séu aðallega framleiddar á Íslandi þá verður ekki á það fallist að í þessu felist óbein mismunun á milli innlendra og erlendra framleiðsluvara þannig að brotið sé gegn ákvæði 2. mgr. 14. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Varðandi þá kröfu kæranda, til þrautavara, að umrætt ákvæði virðisaukaskattslaganna brjóti gegn 10. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið skal tekið fram að það verður ekki á það fallist að virðisaukaskattur hafi samsvarandi áhrif og tollur á innflutta vöru þar sem virðisaukaskattur er lagður með sambærilegum hætti á innlenda framleiðslu og innflutning eins og fram hefur komið. Ríkistollstjóri vill áréttá að bókun 35 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sem kærandi vísar til í greinargerð sinni, hafi verið fullnægt í íslenskum rétti með 3. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993. Þar segir: „Skýra skal lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og reglur sem á honum byggja.” Í tilvísaðri lagareglu felst lögskýringarregla en ekki fortakslaus regla um að lagareglur skuli víkja fyrir reglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eða reglum sem frá honum stafa.

Ríkistollstjóri mótmælir málskostnaðarkröfu kæranda með þeim rökum að ríkistollanefnd sé ekki ætlað að taka afstöðu til málskostnaðar aðila kærumála. Hafi það verið tilgangur löggjafans hefði hann vafalaust látið það koma fram í lagatextanum með ótvíræðum hætti. Ríkistollanefnd hefur aldrei úrskurðað um málskostnað aðila. Kæmi til þess myndi það óhjákvæmilega leiða til þess að ríkistollstjóri myndi einnig hafa uppi slíkar kröfur í kærumálum. Það hefur verið talin ótæk lögskýring af hálfu ríkistollstjóra.

Kæranda var send kröfugerð ríkistollstjóra til umsagnar þann 24. nóvember 1999. Í svari hans kemur fram að hann hefur engu við sínar fyrri kröfur að bæta og ítrekar þær.

Ríkistollanefnd hefur farið í gegnum öll gögn málsins á fundum sínum, og gefið aðilum kost á að tjá sig skriflega um rök gagnaðila. Eins og komið hefur fram snýst mál þetta um kröfu kæranda á endurgreiðslu á ofgreiddum virðisaukaskatti, en kærandi krefst þess að innheimtur verði 14% virðisaukaskattur af innflutningi hans á bókum til einkanota á erlendra tungu til samræmis við virðisaukaskatt af íslenskum bókum. Tollstjóri hefur hins vegar úrskurðað að hinar innflutta bækur beri 24,5% virðisaukaskatt.

Í fyrsta lagi er rétt að taka til skoðunar það álit ríkistollstjóra að ríkistollanefnd sé ekki bær að fjalla efnislega um málsástæður kæranda, þar sem nefndin eigi ekki úrskurðarvald um það hvort ákvæði laga um virðisaukaskatt kunni að fara í bága við tiltekin ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

Ekki er fallist á þessi sjónarmið ríkistollstjóra. Ríkistollanefnd hefur án alls vafa úrskurðarvald í þessu máli á grundvelli 38. gr., sbr. 102. gr. laga nr. 55/1987 með síðari breytingum. Eðli máls samkvæmt ber ríkistollanefnd sem úrskurðaraðila að túlka og vega og meta þau lagaákvæði sem við eiga hverju sinni. Það er hins vegar jafnframt ljóst að ríkistollanefnd er úrskurðaraðili á stjórnarsýslustigi en ekki almennur dómstóll. Í ljósi framanritaðs bar ríkistollstjóra að tjá sig efnislega um málið og voru honum send gögnin á nýjan leik í því skyni.

Það eru vankantar á úrskurði tollstjóra frá 15. september 1999 að rökstyðja ekki úrskurð sinn efnislega. Það leiðir þó ekki til þess að mati ríkistollanefndar að vísa beri málinu á ný til tollstjóra, og mun ríkistollanefnd kveða upp efnisúrskurð í málinu.

Í öðru lagi telur ríkistollanefnd rétt að taka afstöðu til þeirra sjónarmiða kæranda að ríkistollanefnd sé heimilt skv. dómaframkvæmd EB-dómstólsins að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins á ágreiningsefninu. Kærandi segir m.a.: "Í nýútkomnum leiðbeiningum EFTA-dómstólsins um beiðnir innlendra dómstóla um ráðgefandi álit (tilkynning 1/99) segir í 1. lið, að sérhver dómstóll, eða stofnun með dómsvald, í EFTA-ríki, sem á aðild að EES-samningnum, geti beiðið EFTA-dómstólinn um túlkun á reglu EES-réttar, ef hann telur það nauðsynlegt til að geta kveðið upp dóm í máli, sem hann hefur til meðferðar." Telur kærandi ljóst að ríkistollanefnd falli undir þessa skilgreiningu.

Ekki verður fallist á þessi sjónarmið kæranda, og telur ríkistollanefnd að heimild til að leita álits EFTA-dómstólsins eigi ekki við um ríkistollanefnd. Það er grundvallaratriði að ríkistollanefnd fer með úrskurðarvald, en ekki dómsvald. Ríkistollanefnd er æðsti úrskurðaraðili á stjórnarsýslustigi um tiltekin mál, og því ekki dómstóll. Það má enda skjóta öllum úrskurðum ríkistollanefndar til dómstóla, fyrst héraðsdóms og síðan Hæstaréttar Íslands. Auk þess er rétt að ítreka að eðli máls samkvæmt ber ríkistollanefnd að kappkosta að sem mestur hraði sé í allri málsmeðferð hjá nefndinni.

Að öðru leyti eru efniskröfur aðila sem hér segir: Kærandi krefst þess að skattlagning á innfluttum bókum sé sú sama án tillits til þess hvort bækurnar séu á íslenski tungu eða erlendra, og að allar innfluttar bækur beri sömu gjöld og innlendar. Kærandi heldur því fram að eins og skattlagningu er háttáð í dag sé hún aðallega andstæð 1. mgr. 14. gr. EES-samningsins, en til vara heldur hann því fram að hún brjóti gegn 2. mgr. 14. gr. EES-samningsins, og til þrautavara að hún brjóti gegn 10. gr. EES-samningsins. Þá gerir kærandi kröfu um greiðslu málskostnaðar, og vísar í því sambandi til XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 8. mgr. 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum.

Ríkistollstjóri krefst þess aðallega að úrskurður tollstjórans í Reykjavík verði staðfestur. Til vara krefst ríkistollstjóri þess að ríkistollanefnd staðfesti að 14. gr. laga um virðisaukaskatt standist ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Til

þrautavara krefst ríkistollstjóri þess að málinu verði vísað til tollstjóra að nýju til efnislegrar umfjöllunar um málsástæður kæranda. Þá mótmælir ríkistollstjóri sérstaklega málskostnaðarkröfu kæranda.

Um framangreindar kröfur aðila tekur ríkistollanefnd eftirfarandi fram: Málskostnaðarkröfu kæranda er hafnað á þeim grundvelli að ríkistollanefnd hefur ekki lagaheimild til að úrskurða aðilum málskostnað.

Vegna krafna kæranda er rétt að skoða ákvæði viðkomandi greina EES-samningsins en í 10. gr. segir: *"Tollar á innflutning og útflutning, svo og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, eru bannaðir milli samningsaðila. Með fyrirvara um það fyrirkomulag sem um getur í bókun 5 skal þetta einnig eiga við um fjáröflunartolla."* Í 14. gr. samningsins segir: *"Einstökum samningsaðilum er óheimilt að leggja hvers kyns beinan eða óbeinan skatt innanlands á framleiðsluvörur annarra samningsaðila umfram það sem beint eða óbeint er lagt á sams konar innlendar framleiðsluvörur."*

Samningsaðila er einnig óheimilt að leggja á framleiðsluvörur annarra samningsaðila innlendan skatt sem er til þess fallinn að vernda óbeint aðrar framleiðsluvörur."

EES-samningurinn var lögfestur hér á landi með EES-lögunum nr. 2/1993. Í 2. gr. laganna segir: *"Meginmál EES-samningsins skal hafa lagagildi hér á landi."* En í 3. gr. laganna segir: *"Skýra skal lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja."*

Varðandi aðalkröfu kæranda er réttilega á það bent að málið snýst í fyrsta lagi um túlkun á orðinu "sams konar" í 1. mgr. 14. gr. EES-samningsins og í öðru lagi er álitafnið hvort um geti verið að ræða "beina eða óbeina" mismunun á innfluttu vörunni í samanburði við innlenda framleiðslu. Kærandi bendir á að bók hljóti að vera bók hvort sem hún er á íslensku eða erlendu tungumáli. Ríkistollanefnd getur út af fyrir sig tekið undir þetta með kæranda. Það þýðir þó ekki að bækur hljóti ávallt að vera sams konar í lagalegum skilningi. Við mat á því hvort bækur teljist sams konar í lagalegum skilningi þarf að mati ríkistollanefndar að líta til tollflokunar bóka. Samkvæmt íslenski tollskrá, sem hefur lagagildi, tollflokkast bækur mismunandi eftir því hvort þær eru á íslensku eða erlendu tungumáli. Ef tvær bækur tollflokkast eins, þ.e. í sama tollskránum má telja þær sams konar. Með sama hætti ef tvær bækur tollflokkast undir sitt hvort tollskránum, teljast þær ekki sams konar í tollalegu tilliti, en þær geta hugsanlega talist sambærilegar. Það er ekkert einsdæmi með bækur að tollalög (tollskráin) fari mismunandi með sambærilega hluti. Má í því sambandi minna á mismunandi tollflokkan bifreiða og mismunandi gjaldtöku t.d. eftir vélarstærð viðkomandi bifreiðar.

Hvað varðar beina eða óbeina mismunun verður ekki á það fallist að ákvæði tollskrárlaga og/eða 6. tl. 14. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt fari í bága við 14. gr. EES-samningsins. Mismunun er að mati nefndarmanna ekki fyrir að fara í þessu efni. Þvert á móti er fullt samræmi milli skattlagningar á innfluttar bækur og bækur prentaðar innanlands svo framarlega sem þær tollflokkast eins skv. íslenski tollskrá. Þannig er, eins og ríkistollstjóri bendir á, farið nákvæmlega eins að skattalega séð með bók á íslensku sem framleidd er erlendis og bók á íslensku sem framleidd er hér á landi, þar er enginn mismunur á. Mismunun er því ekki fyrir að fara eftir uppruna vörunnar. Af þessum ástæðum er ekki hægt að fallast á það með kæranda að íslensk lög brjóti í bága við 1. eða 2. mgr. 14. eða 10. gr. EES-samningsins. Ríkistollanefnd telur að ákvæði íslenskra laga um virðisaukaskatt samrýmist EES-samningnum að þessu leyti auk þess að vera mjög skýr og afdráttarlaus í þessu efni.

Kærandi heldur því fram að ef EES-samningurinn stangist á við íslensk lög, þá sé hann réttþærri. Hann heldur því og fram og vísar í dóm EFTA-dómstólsins nr. E-1 94, Ravintoloitsijain, Liiton Kustannus Oy Restamark (1994-1995) EFTA Court Report 15, 77 gr., ("Restamark"), að ef lög viðkomandi lands og EES-reglur stangist á, þá skuldbindi EFTA ríkin sig til að setja, ef þörf krefur, lagaákvæði þess efnis, að EES-reglur gildi í þeim tilvikum. Þessari túlkun kæranda mótmælir ríkistollstjóri og bendir á ákvæði 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, en þar segir: *"Skýra skal lög og reglur að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og reglur sem á honum byggja."* Ríkistollanefnd fellst á það með ríkistollstjóra að skýra verði lögin hverju sinni til samræmis við EES-samninginn. Fer þá um túlkun og skýringu laganna eftir sömu reglum og ef íslensk lög eru ósamrýmanleg. Í því sambandi getur t.d. skipt máli hvort um almenn íslensk lög er að ræða eða sérlög. Það má hins vegar ekki blanda hér saman skyldu íslensks löggjafarvalds til þess hugsanlega að breyta íslenskum lögum til samræmis við samþykka samninga eins og EES-samninginn. Ríkistollanefnd getur hins vegar ekki litið til slíkra hluta, þar sem henni ber að úrskurða samkvæmt gildandi íslenskum lögum hverju sinni.

Eins og fram hefur komið vitnar kærandi til nokkurra dóma máli sínu til stuðnings. Ríkistollanefnd getur ekki fallist á það með kæranda að hann hafi sýnt fram á með tilvitnuðum dómum að mismunandi gjaldtaka við innflutning á bókum til Íslands eftir tungumáli brjóti í bága við 14. gr. EES-samningsins. Það sem fyrst og fremst verður lesið út úr tilvitnuðum dómum er að það sé óheimilt að mismuna annars vegar innflutningi og hins vegar sams konar innlendra framleiðslu. Með vísan til framanritaðs kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, úrskurðar ríkistollanefnd að hinn kærði úrskurður tollstjórans í Reykjavík nr. 4/1999 skuli að niðurstöðu til standa óbreyttur.